

um rannsókn til undirbúnings fyrirhugaðri vegagerð í Skagafirði og ákvörðun brúarstæða í því sambandi.

Flm.: Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fara fram rannsókn á, hvernig bæjunum sunnan Norðurár í Skagafirði verði haganlegast komið í gott og öruggt akvegarsamband, jafnframt því sem höfð sé hliðsjón af kostnaði ríkissjóðs og sýsluvegasjóðs Skagafjarðar-sýslu af þessum framkvæmdum.  
Við þessa rannsókn sé auk væntanlegrar Norðurárbrúar, sem tengir þessa bæi við Þjóðveginn út Blönduhlíðina, höfð í huga hin fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum sunnan Norðurár, sem er ætlað að tengja þessa bæi við aðal-samgönguleiðina vestan Héraðsvatna um sýsluvegin hjá Litladalskoti og Héraðsdal á Skagfirðingaveg hjá hinni nýju brú á Svartá hjá Reykjum.
2. Að láta athuga leiðina um þessar fyrirhuguðu brýr á sýsluvegin hjá Litladalskoti og Héraðsdal, til þess að úr því fáiast skorið, hvort þetta verður ekki álitlegasta leiðin, sem kostur er á til að halda opnum samgöngum við héruðin norðan Öxnadalsheiðar, þegar Þjóðvegurinn á leiðinni um Silfrastaðafjall til Varmahlíðar lokast, svo sem dæmi eru til.
3. Að ákveða brúarstæðin á Norðurá og Héraðsvötnum að loknum þessum rannsóknnum og í samræmi við það, er niðurstöður þeirra gefa tilefni til.

#### Greinargerð.

Byggðin sunnan Norðurár í Skagafirði, sem nú er alls 9 bæir, er innilokuð af tveimur óbrúuðum stórá, Norðurá og Héraðsvötnum. Lögum samkvæmt á að byggja brú á Norðurá og aðra á Héraðsvötn litlu innar í héraðinu. Hefur fé þegar verið veitt á fjárlögum til Norðurárbrúar. Þegar bygging beggja brúnna er lokið, er aðstaða til að koma 8 af bæjunum innan Norðurár í gott akvegarsamband við aðalsamgönguleiðir héraðsins beggja vegna Héraðsvatna, þ. e. Þjóðveginn út Blönduhlíðina og Skagfirðingabraut til Sauðárkróks. Auk þessa er þessum tveimur brúm ætlað að tengja saman byggðirnar háðum megin Héraðsvatna í framhluta Skagafjarðar og stytta um leið Dalamönnum og öðrum Fram-Skagfirðingum mjög leiðina til Akureyrar og héraðanna norðan Öxnadalsheiðar. Loks opna þær nýja samgönguleið fyrir langferðabifreiðir af Þjóðveginum í Silfrastaðafjalli á sýsluvegin hjá Litladalskoti og Héraðsdal, yfir Tungusveitina á Skagfirðingaveg til Varmahlíðar, sem grípa má til, þegar Þjóðvegurinn frá fyrirhugaðri Norðurárbrú um Blönduhlíð til Varmahlíðar lokast af einhverjum ástæðum.

Af þessu er ljóst, að hér er margt, sem þarf gaumgæfilegrar athugunar, og að framangreindar brýr eru ekki aðeins byggðar til þess að leysa nokkur heimili úr óralangri einangrun.

Báðar brýrnar í sameiningu og vegirnir, sem að þeim liggja, verða einnig, eins og þegar hefur verið bent á, þýðingarmiklir hlekkir í samgöngukerfi héraðsins og jafnvel alls Norðurlands. Við val á brúarstæðum verður því að taka tillit til hvors tveggja, þarfa heimilanna, sem þarna eiga hlut að máli, og hinnar almennu umferðar.

Vegna náins sambands milli þessara tveggja brúa er nauðsynlegt, áður en brúarstæðin eru ákveðin, að rækileg athugun hafi farið fram á því, hvernig vegakerfinu á þessum slóðum verði bezt fyrir komið, og að fyrir liggi, hver verður kostnaður ríkissjóðs og sýsluvegasjóðs eftir því, hverjar leiðir eru valdar. Enn fremur gerir ágreiningurinn um brúarstæðið á Norðurá, sem risinn er upp innan héraðs, það vænlegra til samkomulags og hyggilegra úrslita, að rannsókn fari fram á því, er tillagan greinir, svo að fyrir liggi ýtarlegar, hlutlausar upplýsingar kunnáttumanna um öll þau atriði, er máli skipta í þessu sambandi, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar.

Árífandi er, að rannsókninni verði hraðað, svo að bygging Norðurárbrúar þurfi ekki að tefjast af þeim sökum.